

Guðmundur Andri Thorsson

Bládjúp

Ég held að það sé lyktn af henni. Það getur líka verið nefið, þetta eina í andlitinu sem vísar stöðugt upp, það getur líka verið hárið. Kannski er það jarpa hárið sem líðast í sveipum niður vangi og niður hálsinn og um herðarnar og líðast og hylgjast og líður og fossar og hrynur, niður niður niður. Niður á hvíta blússu. Eða fótleggirnir, langir og stæltir — og langir og langir. Eða brjóstin, það gætu verið þau, þessi háu, hvelldu, stinnu, þvæntu, þéttu, mjúku . . . nei ég held það sé lyktn af henni.

Vitði: ég held það sé lyktn af henni. Hún er að vísu með þennan munna sem ég myndá mér rakan og mjúkan, þessar bogadagnu þykku varir sem ég horfi á hreyfast fram og aftur og út og inn þegar hún talar, svo ég ruglast í því sem hún segir og ruglast í því sem ég segi og stend bara og ruglast. Jájá-neeei-já-já-sko . . . Ég ruglast mjög oft, það er næstum því eini gallinn við mig . . . Ég roðna og stama og rugla, það er hræðilegt, ég skrifa ekki einu sinni um það . . . En þegar hún gengur er hún útskeif og bein í baki — hún ber sig eins og ballerína. Hún hoppar ekki um og baðar út handleggjunum í einhverjum eilífðarballert, ég er ekki að meina það, hún er engin balletspira, og hún stransar ekki heldur nei hún er rannverulega bara að labba, labbiabba, en það er einhver hreyfing í líkamannum þegar hún gengur, einhver músif, það er sveifla, það er svif, hún svífur. Og stundum þegar hún situr þremur borðum skánallt fyrir framan mig þá teygir hún úr sér og líkaminni sveigist og hefn sveigist þannig að ég svif. Hún er alltaf fjarlæg á svipinn og eins og hún sé ekki með hugann við svæðið og sé kannski að svifa í huganum og stundum þegar ég hef horft á hana síða þannig hef ég hugsað: Hvers vegna ætíu hún svo sem að vera með hugann við svæðið?

Hér erum bara við.

Vitði: ég held ég sé virkilega að spá í hana. Og vitði: ég held

að hún sé virkilega ekki að spá í mig. Ég meina, virkilega ekki; ég held að hún sé einhverja veginn algjöfrlega og virkilega *alls ekki* að spá í mig — en ég held það sé lyktn af henni. Ekki munurinn eða hárið eða hálsinn langi, ekki sveigjan í bakinu eða svifð á henni þegar hún siglir áfram, ekki fótleggirnir, mittið, brjóstin, þessi háu mjúku hvelldu, ekki einu sinni gráblá augun, stundum grátri en blá og stundum blátri en blá, tær en hryðjúp — allt þetta er bara útlit. Og útlit er bara útlit. Málaður munur, blásið há, læraefingar, ælaner, undirstríkun hér, úrdráttur þar, fót — það er alltaf hægt að búa sér til fallegt hylki. Ég gæti það meira að segja, ef ég kærði mig um það. En maður byr sér ekki til lykta, maður umskapar ekki sína eigin lykt, hún lúrir alltaf undir. Maður á hana áleimn. Það finnur hana enginn — nema hugsanlega einn annar einhvern tíma á lífsleiðinni.

Þessi einn annar er ég.

Það er lyktn af henni sem veiddur því að mér finnst ég vera í fyrsta sinn á ævinni rannverulega og fullkomlega og upp fyrir haus og niður fyrir tær og út um munna nef og eyru gjörsamlega ástfanginn.

Ástfanginn. Ég seki. Blöbb. Ég drukkana. Blöbb blöbb. Ég drukkana hundrað sinnum á dag. Hirapa hundrað sinnum á dag, oní gljúfríð.

Fyk . . .

* * *

Ég get ekki lýst þessari lykt, en ég finn hana. Ég fann hana. Hún hvarf eiginlega strax og ég fann hana, þetta eina augnablik í stiganum þegar einhver hrinti henni svo að ég rak eit seki úndubrot nefið í mjúkt hold, hún kom þessi lykt og hvarf, en ég fann hana. Ég finn hana. Ég halla mér ofuríttu aftur í stólnum, lygni aftur augunum, halla undir flött og þen nasavængina — og ég finn hana. Hvernig er hún? Ég get ekki lýst henni, en hún er eins og mjög dimm, mjög hljóð og mjög blá. Ekki dókkblá, heldur dimmblá. Djúþblá, hljóðblá, bládjúp, hljóðdimmublá. Bládimmudjúp . . . dimma-dimma . . .

— Ekki sofna í stólrnum, Gæi minn.

— Mamma, ekki trufla mig. Éger að yrkja.

— Nei! Um hvað? Ertu búinn að skrifa þessa ritgerð? Það þýðir ekkert að síða bara og yrkja þegar maður er kominn í

menntaskóla. Pabbi þinn hringdi — þú manst effir þessu boði hans. Um hvað er það?

Fjóludimmuhjúðbládjúp. Fjólhjúðabla. Blá. Alveg blá. Og þegar augun, meira blá en blá, horfðu þetta andartak í augun á mér — meira gul en blá — og hún gufaði upp fyrir vitum mér og inn í heilaon eða manuna á mér þessi lýkt sem var aðeins af henni og engri annarri, og aðeins æluð mér og engum öðrum, þá vissi ég auðvitað alveg að hún sá mig ekki — ég meina hún sá mig alveg, hún leit á mig, en hún sá mig ekki. Ég sá hana hins vegar, sá allt sem ég hafði séð áður, en aldréi áður séð. Svo brosti hún til mín þarna í sliganum og segði „fyrirgefðu, þeir . . .“ og ég svaraði sjálfsegð einhverju „hajájuneinja,“ og hún var horfin. Hún var ekki að spá í mig. Þegar hún brosti var hún ekki að brosa til mín. Hún var að brosa við heiminum.

— Um hvað?

— Hvað?

— Ertu viss um að þú sért ekki að sofa, Gæi minn? Um hvað varstu að yrkja? Loftu mér að heyra.

— Æ . . .

— Svonaf!

— Æ, biðdu, já . . . þú varst líkinn móðir mín . . . mildin þín . . . studdi mig fyrsta fetið . . .

— Bullukollur.

— Nautsj.

— Jautsj. Og farðu nú að sofa Snúður minn.

* * *

Ég heiti ekki Snúður.

Ég er Gardar. Það má kalla mig Gardar. Ég ansa ekki öðru nafni — mamma kallar mig Snúð þegar hún heldur að hún sé ástúðleg, segir að ég sé svoddan Snúður, en annars notar hún nafnið Gæi sem ég er ekkert sérstaklega hrifinn af heldur. Ég er ekki gæi. En þetta verður að hafa sinn gang, svona er hún, þetta er nú móðir manns, og hún er eiginlega alveg sami bullukollurinn og ég, við erum alltaf að bulla saman, segja nautsj og jautsj og svoléiðs. Stundum segjum við ekki neitt, heldur bara stjúnum, ég að læra og hún að lesa, og það er ekkert sem heyrst nema stóra klukkann á ganginum, tilkk takk, og við erum hvort um sig niðursokkið í það sem við erum að gera, en við erum saman. Við

erum ekkert að hugsa um það, eða tala um það, en við erum saman.

Pabbi er aftur farinn að kalla mig Gæa, sem er eiginlega ágætt, skátra en þetta „sonur sæll“ og „döngur minn“ rétt eftir skilnaðinn í fyrra. Hann var á þeim tíma alltaf að strjúka um hnakkana á mér, eins og annars hugar. Mér fannst hann alltaf þvalur í lófnunum. Hann var ekkert annars hugar, ég veit það, hann var að hugsa um mig, en hann strauk mér um hárið eins og við þekktumst ekki alveg. Hann hafði yfirgefið okkur. Hann hafði yfirgefið tilveru sína með okkur. Og það var einhver annar maður sem var að strjúka mér um hnakkann, ekki endilega slæmur maður eða óvinnur, heldur maður sem ég þekkti ekki alveg, og kannski maður sem hann þekkti ekki alveg. Ég meina: það kom mér svo á óvart að hann skyldi fara frá okkur, yfirgefa Gardar yngri, lifandi eftirmyndina og allt það og þessa finnu konu sem hafði hjálpað honum með allt og lifað þetta allt með honum og fyrir hann — yfirgefa okkur fyrir þessa Þrúði sem er alltaf skreytt eins og blómakarfa og örugglega gáfuð eins og begónía, fyrir nú utan þennan dónalega slopp sem opnast þegar hún beygir sig. Opnaðist einu sinni þegar hún beygði sig . . .

Það hringlar í henni eins og jólaóta. Hún skjáfar öll þegar hún gengur. Klirr-klirr langar leiðir. Það hringlar í eyrnalokkunum og armböndum og skjáfar í kjólinum — ég held meira að segja að það skjáfi í uppsettu hárinu sem er einhvern veginn rautt og alltafstíft af einhverju jukki. Lýktin afhenni er það sem kallað er seiðandi — jafnvel höftug angan — hún er sterk, augljós, áleitn, segir manni að koma — og vera. Hún hlýtur að sturta úr heilu glösunum yfir sig á daginn þegar hún er að afgreiða í þessari tuskubúð sinni. Þegar maður er með henni í herbergi veit maður alltaf af henni, maður skynjar hana þó maður sé ekki að horfa á hana, það streymir frá henni. En pabbi hefði átt að sjá í gegnum hana. Það er kannski ekki neinn rosa still yfir mömmu í þessum endalausum samfestingum sínum, en hún er samt góð týpa, svona stuttklípt og löng með gleraugu. Passar alveg einhvern veginn. En það var engu líkara en hann sæi hana ekki lengur. Væri hættur að skynja hana. Hann var allt í einu farinn að koma seint heim og hann var oft annars hugar eins og hann væri að hverfa. Og hann varf.

En hann er sem sagt farinn að kalla mig Gæa aftur og hættur að klappa á herðarnar á mér með þessu „við-karlmennirnir“-við-

nuóti, aðeins farið að slappa af, og allt í fína með það, það er örugglega gott fyrir hann og nú vill hann að við mamma förum til hans í þetta jólabóð til að sýna að allir séu glaðir og góðir og öllum finnist hann finna náungi, eða til að halda það sjálfur, eða eitthvað. En ég hef ekki komið til þeirra í allan veturn, hef alltaf afsakað mig, hef ekki viljað fara þangað síðan sloppurinn opnaðist . . . Maður verður víst að mæta þó að barna verði frænkur að tala um sjonvarpspulur og frændur sem vaða um gólf og gyrða sig endalaust og spyrja mann „hvað segja nú ungir menn“ og eru roknir inn í næsta herbergi án þess að biða eftir svarinu. Ég þoli þá ekki. Og svo verður þessi Þrúður þarna streymandi um, skrifandi, limandi og hringlandi, tistandi einhverja þvælu þóktuð innan í blómakörfu og auðvitað þessi stelpa sem hún á víst með einhverjum kalli og maður á náttúrulega að kynast — einhver hringlúkkka sem heitir líka Þrúður. En mamma vill þetta. Og ég held að þegar pabbi sér þær saman, hana og þessa Þrúði, þá renni upp fyrir honum ljós. Ég held að hann nái aftur sambandi við sjálfan sig og tilveru sína. Og komi aftur til okkar og sjálfs sín. Þannig að ég ætla að mæta þarna með mömmu og reyna að láta þau vera ein saman. *Ég geri þetta fyrir mömmu. Ég geri allt fyrir mömmu. Ég er svo góður sonur — mildin þín og það allt.*

* * *

Víði: hún heitir Anna. Hún hefur ekkert svona væmið og blómastreyingalegt nafn eins og Þrúður — hún heitir Anna. Það er eitt af því fáa sem ég veit um hana, fyrir utan allt hitt: nefið, munninn, brjóstin, augun, hálsinn, rassinn, herðablöðin, úhljóðina, neglurnar, augabrynnar — svífið, lykkinna. Anna. Ég meina: hún heitir þetta! Ég hef heyrt það. Anna. Það er svo dásamlegt! Að einmitt hún skuli bara vera að labba um heiminn og heita þetta! A nn al Frábært! Ég er stundum að prófa þetta: *Ó Anna! muntu biða mín . . . En Anna! það mun aldrei verða nein önnur . . . Anna mín, það er matur . . . Það er ulsr veisla í kvöld hjá Önnu og Gardari í Grænuhlóðinni . . .*

Ég veit ekkert um Önnu. Hvar hún býr, hverjir foreldrar hennar eru, hvort hún er með strák, hvort áhugamálin eru ferðalög og líkamsrækt . . . Ég er viss um að hún á ríka foreldra, hún klæðir sig þannig, hún ber sig þannig, er öll þannig. Viss um

sig. Hún veit af sér, hún svífur. Maður sér það einhverna veginn að hún hefur það gott. Og þegar hún hefur fundið lykkinna af mér, þegar hún hefur uppgötvad mig, skal hún halda áfram að hatja það gott. Ég skal þóknast henni, ég get farið í viðskiptafræði ef hún vill, ég get skaffað, boðið henni hvað sem er. Anna, vilstu fara í siglingu á Karabíska hafinu? Eða langar þig að koma með mér út á bát, bara við og hafid? Langar þig að fljúga, Anna, langar þig í himininn? Ég skal gera allt fyrir hana: ég hef fundið lykkinna af henni. Mér finnst að ég þekki hana sjálfa, mér finnst að ég hafi skyggnst undir yfirborðið þetta sekúndubrot og fundið tilveru hennar, kannski var það vegna þess að lykkin var bæði blá og djúp. Kannski finnst mér að tilvera hennar sé bæði blá og djúp. Ég veit það ekki: þetta er ástin býst ég við.

Fyrsta raunverulega ástin. Ég hélt að vísu að ég væri ástfanginn af dönskukennaranum þegar ég var þrettán ára. Hún var svo sæt. Hún var svo mikið flódeskum. Hún las svo vel upp, maður horfði á hana á meðan hún var að lesa, hvernig hún hallaði undir flati, brá putta í ljósan hárlökk og vafoði, það var mjög fínt og hún las virkilega vel, var verulega fær í þessu danska gurgli öllu, og sögunnar sem hún lét okkur lesa voru mjög framsæknar, en ef ég á að vera alveg hreinskilinn held ég að það hafi samt verið brjóstin á henni — þau voru æðisleg. Maður var allur í útlitinu þá — eins og pabbi er greinilega ennþá. Ég var eiginlega kynóður. Ég var meira að segja alltaf að spá í kroppinn á sóknarprestinum okkar, séra Hrönn . . .

Ég var krakki. Ég skildi ekki hvernig það getur leikið menn að fara bara eftir útlitinu. Þeir tapa áttum, vaða burt og skilja eftir sig skarð, en hluti af þeim lifir áfram í þessu skarði. Ég meina: við mamma héldum alveg áfram, héldum áfram að búa hérna og við stíjum saman á kvöldin og klukkan tikkar og stundum bullum við, en þó við séum að bulla svona saman og vera svona saman, þá er eins og maður heyrir meira í klukkunni eftir að hann fór. Það er allt svo grátt. Það eru svo mörg orð sem gætu yfirgnaft tikk-takkid í klukkunni, gætu fyllt upp í þagnirnar, en hann einn getur sagt þau. Hann fór bara allt í einu frá okkur. Hann hafnaði okkur. Hann ákvað að hann vildi frekar lifa lífi sínu annars staðar en hjá okkur og hann varð annar maður, nýr maður. Hann hreifst af hylki, skryðfi í kjólum, ilmveðsangan, sloppi að opnast og hann glat aði sjálfum sér, hann glataði okkur. Hann glataði fyrstu ástinni

sinni, einu raunverulegu ástinni sinni og ég veit að hann finnur hana afburðerf hann aðeins sér hana. Ef hann aðeins kemur upp að mömmu og finnur af henni lykta sem hún á ein, þá þráir af honum.

En hún heitir Anna. Ég horfði á hana í dag. Hún var að horfa út í loftið, á svipinn eins og hún svið í huganum um stóran sal fullan af rauðum blóðrum. Svo leit hún niður og brosti örliðið. Hún var að hugsa eitthvað með sjálfri sér. Ég horfði á hana. Þegar hún leit allt í einu upp og sneiri sér við og horfði á mig og brosti þá vissi ég að hún var ekki að brosa til mín sérstaklega. Heldur brosti hún til mín eins og ég væri allir menn; hún brosti við heiminum.

Ballíð er eftir tvo daga. Ég hefði gengið til hennar í nýja leðurjakkanum mínum sem ég hefði verið búinn að kaupa samdægursý nýklippur og í nýjum skóm og með skræppóttu slaufuna um hálsinn, með brotin stíf í buxunum; ég hefði fyrst lituð glottandi til vinkonu hennar og sagt hæ við hana og síðan hefði ég lituð á Önnu og sagt hæ, en án þess að glotta, án þess að brosa óðruvísi en með augunum; ég hefði lyft brúnumum og sagt kannski „tóff lag“, eða „búin að vera hérna lengi?“ eða eitthvað svolendis frekar venjulegt, en ég hefði sagt það lágt og næstum því álvörugefið og eins og það væri eitthvað óvenjulegt; ég hefði sést ljá henni og haldið áfram að brosa með augunum og líka munumum allt í einu og þá hefði hún brosað á móti til mín og við mér; ég hefði sagt við hana „dansa?“ og hún hefði svarað mér með því að standa upp og ég hefði staðið líka upp og sagt við vinkonuna „þú hefur okkur afsókuð?“ og tekið um arminn á Önnu og leitt hana út á dansgölf; ég hefði slett út annarri löppinni; ég hefði sparkað út hinni löppinni; ég hefði tvístað með báðum; ég hefði lyft öðrum handleggnum, bent niður með hinum, hreyft miðmurnar út og inn; hún hefði hlegið; ég hefði hlegið og tekið um hönd hennar og hneigt mig með handleggja-sveillum og kyssst hana; hún hefði hlegið; ég hefði hlegið og togað hana til mín og hún hefði komið öll til mín og lagt handlegginn um hálsinn á mér og ég hefði tekið utan um bakið á henni fast, og þrýst; og hún hefði ekki hlegið og ég ekki heldur; hún hefði færst nær mér og ég nær henni; og hún hefði kyssst mig og ég hana.

Ballíð er eftir tvo daga og hún mun halda áfram að brosa við heiminum en ekki til mín. Ég fer ekki. Það verður enginn nýr leðurjakki, ekki nýr skór. Ég fer ekki einu sinni í klippingu. Ég

fer ekki. Ég hefði getað nálgast hana, jafnvel boðið henni upp, jafnvel þó hún hefði sagt nei takk hefði hún skráð það einhvers staðar í heilanum að þessi strákur kom og bauð henni upp, þessi strákur er hriðinn af henni, og hún hefði kannski hugsað um þennan strák þegar hún hefði verið kominn heim, kannski hugsað að að hann væri svolítið sérstakur.

Ég fer ekki. Ég ætla að reyna að koma því svo fyrir að pabbi og mamma verði saman ein með mér í herbergi í jólaboðinu sem er eftir tvo daga, sama kvöldið. Ég hef í allan dag verið að hugsa um þetta og ég er búinn að velja. Ég hefði getað farið til hennar og boðið henni upp, jafnvel spjallað við hana og ég er viss um að við hefðum kynnst og ég er líka viss um að þegar við hefðum verið búin að kynnast þá hefðum við kynnst betur. Og betur. Og betur. En ég er búinn að velja. Ég verð að gera þetta. Það er engin önnur leið. Ég ætla að fara inn í svefnherbergið, einn. Ég ætla að detta á skáphorn, labba á hurð, flkta í rafmagni og fá strauum; lenda í einhverju smáslysi sem verður til þess að þau þurfa að stumra yfir mér. Ég er ekki alveg búinn að hugsa þetta í smáatriðum, en útfærslan er auðveldari, mér leggst eitthvað til, ég verð að gera þetta, ég veit að ég mun gera þetta, vegna þess að ég veit að þegar þau standa áhyggjufull yfir mér þá standa þau þétt saman og hugsa um það sama, hugsa eittr, eru eittr. Þau renna afburðerf saman.

Ég hef fírnað fyrstu ástinni minni fyrir fólkið sem gaf mér líf
Ó Anna! Ég sekk.

Ég sekk.

Jólaboðið var í gær. Þeir voru þarna frændurnir að gyrða sig og spyrja hvað ungir menn segðu. Ég sagði aðallega „hjáðanei-skobu“. Hvað gat ég svo sem sagt annað? Hvað átti maður að segja? Ég fór aldrei inn í svefnherbergi. Heiðudáðin, fórnin mikla var ekki drygð. Ég sá ekki lengur tilganginn með henni, sá hvað hún var barnaleg — sá að hún myndi engu breyta. Ég sat mestallt kvöldið við hljóðina á mömmu og hélt mér í glas af jólaóli og sókk. Af og til gjóaði ég auga á einhverja frænkuna, á pabba sem var hávær og hræss og einhver nýr maður sem mér fannst samt allri einu að ég þekkti. Ég leit stundum á þessa Þrúði sem leit alltaf strax til mín og brosti og ég mændi flóttalega á dóttur hennar,

Ónnu Þrúði, dótturina sem var í útlöndum hjá pabba sínum þangað til í veturn; stúlkuna sem ég hélt að væri fyrsta raunverulega ástin mín og var það kannski, er það kannski — er að minnsta kosti staðfesting þess að ég er lifandi eftirmynd föður míns.

Snúður og Þrúður: Þvílíkt þar. Hún reyndi að spjalla við mig um ballið sem við værum bæði að missa af og ég hafánei-áoi eitthvað við því og svo gafst hún upp á því að reyna að tala við mig. Ég brosti hvorki með augum né vörum, lyfti aldrei augabrunum, sagði ekkert láguum og sérstökum rómi. Hún var í svörtum kjóli. Hárið var niður á herðar. Það bylgljæðist og ljáð-ist, það sveif. Hún var með bláa málningu kringum augun. Þau voru blárrí en blá. Hún var með rauðan munn. Þegar hún gekk um og skenkti jólaölinu var einhver músík í hreyfingunum, það var svif, hún sveif. Og þegar hún kyssti mig bless á kindina fann ég að hennar kind var mjúk og ég fann lyktina af henni og ég fann að hún var djúp og dökk og blá.

Ég finn hana.

Ég fýk

Ég elska þig (1990)

*Svo er hún fögur sem sól í heiði renni;
augun voru sem baldinbrá,
þar þar ekki skuggann á,
og er sá sæll sem sofnar náðir hjá henni.*

Stefur Þjóðkveði